

Fjárhagsáætlun 2009 – síðari umræða

Efnisyfirlit:

1. Rekstraryfirlit
2. Efnahagsreikningur
3. Sjóðsstreymi
4. Breytingar á ýmsum liðum fjárhagsáætlunar (6 bls.)
5. Fjárfestingartillaga
6. Yfirlit yfir stöðugildi

Skýringar:

Breytingar á ýmsum liðum fjárhagsáætlunar eru lagðar fram af bæjarstjóra og fjármálastjóra þar sem þessar breytingar eru fyrst og fremst leiðréttingar og endurreikningur ýmissa liða. Hvorki barst sérstök tillaga frá meiri- eða minnihluta fyrir tilskilinn frest kl. 14:00 mánudaginn 2. febrúar 2009 enda hafa meiri- og minnihluti unnið fjárhagsáætlun í nánu samstarfi.

Rekstrarliðir eru leiðréttr í samræmi við umræður í bæjarráði og leiðréttingar gerðar á þeim liðum sem ábendingar komu um í bæjarstjórn við fyrri umræðu og í bæjarráði áður en fyrri umræða fór fram sem og milli umræðna. Innri leiga og millifærslur eru óbreyttar milli umræðna.

Hagræðingarkrafa að upphæð 201 m.kr. er í vinnslu en frestur var gefinn til 15. febrúar til að ljúka þeirri vinnu hjá sviðum og nefndum bæjarins. Fjárhagsáætlun er lögð fram til síðari umræðu með þessari hagræðingarkröfu rétt eins og við fyrri umræðu.

Tillaga að fjárfestingum er lögð fram nú á milli umræðna eins og boðað var við fyrri umræðu. Hlutur Ísafjarðarbæjar er áætlaður 31.250.000 kr. en heildarfjárfestingar 64.375.000 kr. Þegar hlutur ríkisins er lagður við hlut bæjarins.

Viðhald Eignasjóðs er inni í fjárhagsáætlun undir rekstri en þegar viðhald á vegum sjóðsins er tekið með má reikna með fjárfestingum og viðhaldi á vegum Ísafjarðarbæjar, oft í samstarf við ríkið, að upphæð 116.375.000 kr.

Yfirlit um fjármögnun:

Breyting á skammtímaláni í langtímalán.	200.000.000 kr
Skuld vegna afleiðusamnings greidd með langtöku.	39.600.000 kr.
Lántaka til að borga niður yfirdrátt og fjárfestingar	250.000.000 kr.
Samtals lántökuþörf.	489.000.000 kr.
Nettó lækkun lána	183.292.000 kr.
Verðbréfaeign seld	70.000.000 kr.
Nettó niðurstaða (lækkun lána)	113.292.000 kr.

Hvað hefur verið gert nú þegar (nokkur dæmi):

Helstu innkaup stöðvuð haustið 2008. Dregið úr framkvæmdum strax um vorið 2008. Það ár mikið framkvæmdaár þar sem lokið var við stórverkefnið viðbygging við Grunnskólann á Ísafirði. Mikils aðhalds gætt varðandi allan rekstur og fyrirmæli til stjórnenda um að halda aftur af öllum innkaupum sem mögulegt er.

Breytingar gerðar á gjaldskráum vegna ársins 2009. Margar gjaldskrár standa þó í stað eins og leikskólagjaldskrár, áfram frítt í sund fyrir börn og almenningssamgöngur áfram gjaldfrjálsar. Fasteignaskattar, lóðarleiga, holræsagjald, vatnsgjald óbreytt á milli ára.

Útsvarið hækkað um 0,25% og tekjuskattur um 1,25% sem þýðir hækkun á framlagi í Jöfnunarsjóð sem lækkar þá um 10% í áætlun í stað 15,5% sem fyrst var talið.

Ákveðið að endurskoða fjárhagsáætlun á 3ja mánaða fresti sem og gjaldskrár.

Laun bærarstjóra lækkuð um 10% og bréf farin út til 80 starfsmanna með 350.000 kr. eða meira í laun með beiðni um lækkun launa á árinu 2009 um 3% eða 4% fari laun yfir 500.000 kr..

Laun bærarstjórnar og nefndafólks lækkuð í samræmi við lækkun þingfararkaupts og fundum fækkað að meðaltali um 30%.

Samningar um akstur endurskoðaðir og felldir niður í þeim tilvikum þar sem sérstakur bíll kemur alfarið í staðinn fyrir notkun starfsmanna á eigin bifreið í þágu Ísafjarðarbæjar.

Ákveðið að sameina hlutverk Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. og Eignasjóðs þannig að spara megi a.m.k. eitt stöðugildi og einnig í húsnæðiskostnaði.

Gert ráð fyrir í forsendum við fyrri umræðu að stöðugildum fækki um 3-4 á árinu 2009.

Fjárfestingar dregnar verulega saman í áætlun 2009 í samanburði við fyrri ár.

Ákveðið að sameina eftirfarandi rekstrarliði á einn stað í bókhaldi og þurfa stjórnendur að sækja um til sviðsstjóra/bærarstjóra.

Gestamóttaka, gjafir, risna

Fargjöld, dagpeningar, gisting.

Styrkir (styrktarlínur o.fl.) verður áfram hjá bæjarritara sem einn hefur heimild til að veita slíka styrki.

Stjórnendur verða að tilkynna sviðsstjóra/bærarstjóra um ráðningarmál áður en tekin er ákvörðun um að ráða í viðkomandi starf. Skoða þarf í öllum tilfellum hvort hægt er að sleppa nýráðningu í staðinn fyrir einhvern sem hættir. Ef það er ekki hægt þarf að skoða hvort hægt er að færa fólk til í starfi innan Ísafjarðarbæjar.

Samningar um sorphirðu og almenningssamgöngur teknir til endurskoðunar, tillögur fylgja niðurstöðu nefndar um sorpmál og varðandi almenningssamgöngurnar vegna sérstakrar hagræðingarkröfu.

Framlag til tónlistarskóla lækkað um 10% frá áætlun 2008.

Hagrætt í rekstri íþróttamannvirkja með því að draga úr opnunartíma.

Styrkir til menningarmála o.fl. málaflokka lækkaðir um allt að 50% frá fyrra ári. Samið við HSV um lækkun á framlagi þó þannig að sú hagræðing komi ekki niður á ástundun barna og ungmenna.